

Fimmtudaginn 16. nóvember 1995.

Nr. 109/1994.

Kaupþing hf.

(Kjartan Ragnars hrl.)

gegn

sýslumanninum í Kópavogi

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

og gagnsök

Ábyrgð uppboðshaldara. Frávísunarkröfu synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein og Arnljótur Björnsson og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. mars 1994. Í aðalsök krefst hann þess aðallega, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða sér 7.430.750 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 1. maí 1993 til greiðsludags. Til vara krefst hann greiðslu á 3.098.450 krónum auk dráttarvaxta frá 7. desember 1987 að frádregnum 1.130.057 krónum, sem greiddar voru 15. júlí 1988, og 948.241 krónu, en sú greiðsla barst 7. febrúar 1990. Aðaláfrýjandi hefur gert þrautavarakröfu, sem er sama efnis og varakrafa hans að öðru leyti en því, að hann miðar upphafstíma dráttarvaxta við 16. febrúar 1988. Auk þess krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með gagnstefnu 3. maí 1994. Hann krefst þess, að úrskurði héraðsdóms frá 24. nóvember 1993 verði hrundið. Að öðru leyti krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Auk þess krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða sýknudóms og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til þrautavara krefst hann lækkunar stefnukrafna aðaláfrýjanda og að hann verði dæmdur til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Mál þetta er höfðað með stefnu, birtri 21. júní 1993, gegn sýslumanninum í Kópavogi. Fyrir gagnáfrýjanda var tekið til varna af

hálfu ríkislögmanns, og kemur fram í greinargerð hans, að eigi verði séð, að sýslumaður geti að réttu lagi verið í fyrirsvari af hálfu ríkisins í málinu.

Málatilbúnað aðaláfrýjanda ber að skilja svo, að dómkröfur hans falli á íslenska ríkið, ef þær verða teknar til greina. Telja má, að ríkið sé í reynd aðili málsins. Þótt rétt hefði verið samkvæmt 5. tl. 17. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála að stefna æðra settum fyrirvarsmanni ríkisins en hér var gert, verður sá annmarki ekki talinn varða frávísun.

II.

Gagnáfrýjandi kveðst áfrýja máli þessu aðallega í því skyni að fá endurskoðaðan úrskurð héraðsdómara frá 24. nóvember 1993, þar sem hrundið er frávísunarkröfu stefnda í héraði.

Lögmaður aðaláfrýjanda hefur lýst yfir því, að málsókn hans snúist ekki um mistök uppboðshaldara, sem þá var bæjarfógetinn í Kópavogi. Þó má skilja svo ýmis þau rök, sem hann hefur hreyft í skriflegum og munnlegum málatilbúnaði, að hann telji, að uppboðshaldari hafi gerst sekur um mistök eða yfirsjónir í störfum sínum við uppboðsmál það, sem nú er deilt um. Kröfur reistar á saknæmri og ólögmati háttsemi uppboðshaldara urðu ekki gerðar með sérstakri málsókn fyrir héraðsdómi gegn uppboðshaldara, embætti hans eða íslenska ríkinu, sbr. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, en þau lög giltu, þegar atvik máls þessa gerðust, sjá nú 8. gr. a laga nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, svo sem þeim lögum var breytt með 13. tl. 161. gr. laga nr. 91/1991, sbr. nú 23. gr. laga nr. 38/1994.

Í úrskurði héraðsdómara er hins vegar getið annarra raka, sem aðaláfrýjandi styður kröfur sínar við. Vegna þeirra röksemda verður kröfugerð hans ekki talin með þeim annmörkum, að næg efni séu til að vísa málinu frá dómi. Verður úrskurður héraðsdómara frá 24. nóvember 1993 því staðfestur.

III.

Aðaláfrýjandi heldur því fram, að kröfuréttur hans samkvæmt veðskuldabréfum þeim, sem um ræðir í málinu, „sé nú á hendur sýslumanninum í Kópavogi, áður bæjarfógetanum í Kópavogi, upp-

boðshaldara. . .“. Telur aðaláfrýjandi, að uppboðshaldari eða embætti hans ábyrgist gagnvart veðhöfum, „að veðkröfur þeirra, sem hvíldu á hinu afsalaða uppboðsandlagi, verði greiddar. . .“. Í raun sé um að ræða „aðilaskipti skuldara megin að kröfuréttarsambandinu samkvæmt veðskuldabréfunum, sem grundvallast á gerðum uppboðshaldarans sem embættismanns. . .“.

Svo sem greint er í II. kafla dómsins, er í málinu ekki unnt að taka afstöðu til málsástæðna, sem styðjast við það, að aðaláfrýjandi eigi skaðabótakröfu á gagnáfrýjanda á grundvelli saknæmrar háttsemi. Ljóst er, að gagnáfrýjandi hefur ekki tekið að sér með löggerningi að greiða kröfur samkvæmt hinum umdeildu veðskuldabréfum. Aðaláfrýjandi hefur ekki heldur sýnt fram á, að aðrar reglur fjármunaréttar leiði til skuldaraskipta með þeim hætti, sem hann heldur fram. Þá verða kröfur á hendur gagnáfrýjanda ekki reistar á reglum laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, eins og málsatvikum er háttað. Þegar af þessum ástæðum ber að sýkna gagnáfrýjanda af kröfum aðaláfrýjanda.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda 500.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Úrskurður héraðsdóms 24. nóvember 1993 er staðfestur.

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður að öðru leyti en um málskostnað.

Aðaláfrýjandi, Kaupþing hf., greiði gagnáfrýjanda, sýslumanninum í Kópavogi, 500.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 10. febrúar 1994.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 20. janúar sl., var höfðað hér fyrir dómnum með stefnu, birtri 21. júní 1993.

Stefnandi er Kaupþing hf., kt. 560882-0419, Kringlunni 5, Reykjavík, vegna Hávöxtunarfélagsins hf., kt. 611284-0579. Stefndi er sýslumaðurinn í Kópavogi, kt. 490169-4159, Auðbrekku 10, Kópavogi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða

stefnanda 7.430.750 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 1. maí 1993 til greiðsludags. Jafnframt krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu að viðbættum virðisaukaskatti.

Stefndi krefst aðallega sýknu, en til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar. Í báðum tilfellum er krafist málskostnaðar að mati réttarins.

Stefnandi höfðaði upphaflega mál með stefnu, birtri 1. nóvember 1991, vegna sama ágreinings og hér er til úrlausnar. Því máli var vísað frá dómi með úrskurði, upp kveðnum 18. mars 1993. Var sú niðurstaða staðfest í Hæstarétti 30. apríl 1993.

Í þessu máli var kveðinn upp úrskurður 24. nóvember sl. um frávísunarkröfu stefnda, og var frávísunarkröfunni hrundið.

I.

Í máli þessu krefst stefnandi greiðslu af stefnda vegna mistaka, sem hann telur hafa orðið í uppboðsrétti Kópavogs í ársbyrjun 1988.

Málavextir eru þeir, að 2. nóvember 1987 var fasteignin Smiðjuvegur 14 D, 1. hæð, austurendi, Kópavogi, seld á nauðungaruppboði í uppboðsrétti Kópavogs. Þinglesinn eigandi var Hreiðar Svavarsson, og var uppboðssöluverð 8.000.000 kr. Hæstbjóðendur voru Smári, Arndís og Sverrir Hreiðarsbörn. Meðal veðhafa í fasteign þessari var stefnandi, sem átti 13 veðskulda-bréf hvílandi á fasteigninni. Átti hann 10 bréf á 2. veðrétti, að fjárhæð 100.000 kr. hvert, út gefin 9. október 1985, og þrjú á 3. veðrétti, að fjárhæð 200.000 kr. hvert, út gefin 16. október 1985, samtals 1.600.000 kr. Skuldari bréfanna var Hreiðar Svavarsson, og hafði einn sjóður Kaupþings hf., Hávöxtunarfélagið hf., sem áður hét Ávöxtunarfélagið hf., eignast bréfin með framsöllum.

Skuldabréfin fóru öll í vanskil, og beiddist lögmaður stefnanda, Eggert B. Ólafsson hdl., nauðungaruppboðs á veðinu með beiðnum, dags. 16. október og 14. nóvember 1986. Jafnframt afhenti hann uppboðsrétti Kópavogs frumrit bréfanna. Þriðja og síðasta nauðungarsala á veðinu fór fram 2. nóvember 1987. Uppboðshaldari óskaði eftir kröfu stefnanda í andvirðið, og sendi lögmaðurinn kröfulýsingu 2. desember 1987. Samkvæmt kröfulýsingunni námu vanskil vegna skuldabréfanna allra með innheimtulaunum, vöxtum og kostnaði samtals 3.098.450 krónum.

Uppboðskaupendur efndu ekki uppboðsskilmála, og boðaði uppboðshaldari þinghald af því tilefni 7. desember 1987. Það þinghald sótti m. a. Eggert B. Ólafsson hdl. vegna þeirra krafna, sem hér eru til umfjöllunar. Einnig var í réttinum Ingvar Björnsson hdl. Hann var einnig innheimtulögmaður fyrir Kaupþing hf. á þessum tíma og kom í þetta þinghald vegna 11

veðskuldabréfa Hávöxtunarfélagsins hf. á 4. veðrétti. Af hálfu uppboðs-kaupanda var Grétar Haraldsson hrl., og fékk hann frest með samþykki uppboðsbeiðanda til 17. s. m.

Við fyrirtöku málsins í uppboðsrétti þann dag var Eggert B. Ólafsson hdl. ekki viðstaddur og enginn fyrir hans hönd, en af hálfu stefnanda mætti Ingvar Björnsson hdl. Var fallist á frest og nú til 21. s. m. Við fyrirtöku þá voru sömu lögmenn vegna uppboðsbeiðenda og veðhafa og samþykktu enn frest til frágangs uppgjors til 6. janúar 1988. Við fyrirtöku þann dag voru Ingvar Björnsson hdl. af hálfu stefnanda, lögmaður af hálfu Sigurðar G. Guðjónssonar hrl. og Grétar Haraldsson hrl. af hálfu uppboðskaupenda. Í þessu þinghaldi var bókað: „Uppboðsbeiðendur lýsa því yfir að samkomu-lag hafi tekist með þeim og uppboðskaupendum um frágang málsins og að lögmaður uppboðskaupenda mun þá í samvinnu við uppboðshaldara ann-ast uppgjör við veðhafa og uppboðsbeiðendur á grundvelli boðs síns.“ Upp-gjör til uppboðsbeiðenda og veðhafa annaðist síðan lögmaður uppboðs-kaupenda beint til Ingvars, eins og ráðgert var í þinghaldinu, án milligöngu uppboðshaldara. Áður en uppboðsafsal var gefið út 16. febrúar 1988, kvaðst uppboðshaldari hafa kannað hjá Ingvari, hvort búið væri að ganga frá um-sömdum greiðslum til stefnanda og hvort gefa mætti út afsal á þeim grund-velli. Kvað Ingvar svo vera og samþykkti f. h. stefnanda útgáfu uppboðsaf-sals.

Í uppboðsafsali segir m. a.:

„Eigninni er afsalað uppboðskaupendum í dag, 16. febrúar 1988, enda hafa þeir að fullu gert skil á uppboðsandvirði með því að:

I.

- 1) Yfirtaka tryggingarbréf til Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, að upphæð 200.000 kr., sem hvílir á 1. veðrétti kr. 200.000
- 2) Yfirtaka veðskuld við Ingvar Björnsson hdl. v/ Hávöxtunarfélagsins hf. skv. 11 veðskuldabréfum, dags. 20/10 1986, sem hvíla á 4. veðrétti - 2.343.236

II. Greiða eftirtaldar veðskuldir:

- 1) Veðskuld við Eggert Ólafsson hdl. v/ Ávöxtunarfélagsins hf. skv. 10 veðskuldabréfum, dags. 8/10 1985, á 2. veðrétti - 1.936.032
- 2) Veðskuld við Eggert B. Ólafsson hdl. v/ Ávöxtunarfélagsins hf. skv. 3 veðskuldabréfum, dags. 16/10 1985, á 3. veðrétti - 1.162.419

3) Veðskuld við Sigurð G. Guðjónsson hrl. v/

Verðbréfasjóðsins hf. skv. 7 veðskuldabréfum, dags.

16/10 1985, á 3. veðrétti – 2.014.925

Af hálfu uppboðskaupenda er samþykkt skv. dskj. nr. 65, að eigandi 11 veðbréfa á 4. veðrétti, Ingvar Björnsson hdl. v/Hávöxtunarfélagsins hf., fái að fullu úthlutun og að 7 veðskuldabréf á sama veðrétti, sem séu í þeirra eigu, víki vegna þeirra.

Uppboðskaupendur buðu á uppboðsþingi 8.000.000 kr. í eignina og kröfðust útlagningar, ef skilyrði væru fyrir hendi. Þeir hafa alls greitt og tekið á sig veðskuldir að fjárhæð 7.656.612 kr., þar af greitt 5.113.376 kr.“

Samhliða uppboði á austurhluta Smiðjuveggar 14 D fór einnig fram uppboð á vesturenda hússins. Voru frestir allir hinir sömu í því máli. Ingvar Björnsson hdl. lýsti kröfu, að fjárhæð 761.803 kr., vegna Hávöxtunarfélagsins hf., og segir í uppboðsafsali fyrir vesturendanum, að hann hafi fengið þá kröfu greidda.

Samkvæmt uppboðsafsali fyrir vesturenda var lögmannsstofa Ingvars Björnssonar hdl. og Péturs Kjerúlf hdl. með kröfur í eignina fyrir ýmsa aðila, samtals að fjárhæð 2.391.382 kr. Af þeirri fjárhæð voru 761.803 kr. vegna Hávöxtunarfélagsins hf. Uppboðskaupendur töldu sig því skulda Ingvari 2.391.382 kr. og Eggerti B. Ólafssyni hdl. 3.098.451 kr. Greiddi Grétar Haraldsson hrl. f. h. uppboðskaupenda Ingvari 1.000.000 kr. 11. febrúar 1988 og 3.300.000 kr. 8. mars 1988, samtals 4.300.000 kr. Taldi Grétar, að Ingvar hefði fullt umboð f. h. stefnanda til að taka við greiðslum, enda hafði verið samið um þennan greiðslumáta við Ingvar. Þegar hér var komið, taldi lögmaður uppboðskaupenda, að eftir stæðu um 1.200.000 kr.

Dróst nú uppgjör, og var það að sögn Grétars m. a. vegna þess, að nægilegar kvittanir og útreikningar lágu ekki fyrir af hálfu Ingvars. Þessu hefur Ingvar mótmælt í skjölum málsins. Á þessum tíma hafði Ingvar greitt Eggerti 1.130.056 kr. 15. júlí 1988, og 949.348 kr. voru greiddar fyrir milligöngu uppboðshaldara 13. febrúar 1990. Sættir voru reyndar árið 1990, en tókust ekki, þar sem mikið bar á milli aðila við útreikning eftirstöðva.

Fram hafa verið lögð tvö bréf Eggerts B. Ólafssonar hdl. um málið. Ann að er dagsett 26. september 1988, og tilkynnir hann þar, að aðeins hafi verið gerð skil á hluta af uppboðsandvirðinu, og muni hann krefjast þess, að annað uppboð fari fram, ef ekki verði ráðin bót á. Hitt bréfið er dagsett 10. ágúst 1989 og kröfur í uppboðsandvirðið þar ítrekaðar.

II.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram í málinu, að Ingvar Björnsson hdl. hafi ekki haft umboð til að semja um greiðslur við uppboðskaupendur vegna þeirra skuldabréfa, sem Eggert B. Ólafsson hdl. var með til innheimtu. Hafi uppboðshaldara verið óheimilt að afsala eigninni og aflýsa skuldabréfunum án samráðs við Eggert.

Verður nú rakinn framburður vitna í þessu sambandi.

Pétur Blöndal var forstjóri Kaupþings hf. á þessum tíma. Hann kvað Eggert B. Ólafsson hdl. hafa annast innheimtu fyrir Kaupþing hf. í Reykjavík, en Ingvar Björnsson hdl. utan Reykjavíkur. Þó hafi það ekki verið algild regla, og þess vegna hafi þeir báðir verið með veðskuldabréf í innheimtu með veði í Smiðjuvegi 14 D. Hann kvað ávöxtun fjár hafa farið fram í þremur sjóðum, sem hver hefði verið sjálfstætt hlutafélag með eigin stjórn. Einn sjóðurinn hefði ávaxtað fé með kaupum á spariskírteinum ríkissjóðs, annar með óverðtryggðum skuldabréfum og hinn þriðji, Hávöxtunarsjóðurinn hf., sem áður hét Ávöxtunarsjóðurinn hf., með veð- og verðtryggðum skuldabréfum. Pétur kvað það hafa verið mikla ákvörðun, ef veð var fellt niður af skuldabréfi. Slíka ákvörðun tók aðeins stjórn Hávöxtunarfélagsins hf. Hann minntist þess ekki, að málefni Smiðjuvegar 14 hefðu komið til umræðu í stjórn Hávöxtunarfélagsins hf. Hann taldi víst, að hann myndi muna það, ef svo hefði verið, því að það hefði aðeins verið í örfáum tilvikum, sem veð var fellt niður, og nánast einungis undir þeim kringumstæðum, að afskrifa þyrfti kröfuna eða ábyrgð öruggs einstaklings væri fengin. Hann kvaðst sjálfur ekki hafa haft umsjón með innheimtunni, heldur hefði innheimtustjóri séð um hana. Hann taldi ljóst, að Ingvar Björnsson hdl. hefði ekki haft heimild til að fella veðið niður.

Helgi Sigurðsson hdl. er deildarstjóri innheimtudeildar Kaupþings hf. Hann tók til starfa í ágúst 1989 og í innheimtudeild í lok ársins. Hann kvað það aldrei hafa komið til greina að fella niður veð. Þá hefði þurft að færa bréfin úr einum sjóði í annan, og það væri ógjarnan gert. Hann kvað það ekki heldur hafa komið upp, frá því að hann byrjaði, að innheimta væri flutt frá einum lögmanni til annars, heldur hefði viðkomandi lögmaður lokið málinu.

Eggert B. Ólafsson hdl. kvað það hafa orðið ljóst á fundi hjá uppboðshaldara 7. desember 1987, að uppboðskaupendur yrðu í erfiðleikum með að standa við boð sitt. Hann hefði því ekki talið nauðsynlegt að sækja næsta þinghald 17. s. m., þar sem hann taldi næsta víst, að farið yrði fram á viðbótarfrest, og það verið sér að meinalausu. Ef hæstbjóðandi stæði ekki við boð sitt, hefði Kaupþing hf. keypt eignina. Virtist honum einsýnt, að stefndi

í þau málalok. Hann taldi því rétt að biðja átekta, enda hvarflaði ekki að honum, að eigninni yrði afsalað og skuldabréfunum aflýst án samráðs við sig. Hann hefði frétt það af tilviljun um sumarið 1988, að búið var að afsala eigninni. Á þessum tíma hefði uppboð stundum tekið langan tíma. Komið gat fyrir, að lögmenn þyrftu að biðja allt upp í eitt ár eftir uppgjöri frá uppboðshöldurum. Hann hefði auk þess fengið greiðslu frá Ingvari 15. júlí 1988 og vissi, að Ingvar og Grétar höfðu eitthvað samið sín á milli. Taldi hann, að Grétar hefði greitt Ingvari vegna þeirra bréfa, sem Ingvar var með til innheimtu, en hann hefði fengið afganginn. Í öllu falli kvaðst hann ekki hafa haft ástæðu til að ætla, að búið væri að aflýsa bréfunum og gefa út uppboðsafsal. Hann kvað það ekki hafa verið reglu, að þeir Ingvar mættu hvor fyrir annan. Þetta hefði verið eina skiptið, eftir því sem hann myndi best. Hann kvað áfrýjunarfrest hafa verið útrunninn, þegar hann varð þess áskynja, hvernig komið var. Ekki kvaðst hann hafa kannað, hvort áfrýjunarleyfi fengist.

Ásgeir Magnússon hdl. var aðalfulltrúi bæjarfógeta á þessum tíma og aðstoðarmaður uppboðshaldara. Hann kvað Ingvar hafa gefið þá yfirlýsingu í þinghaldi 17. desember 1987, er hann sótti þing einnig f. h. Eggerts, að hann hefði fullt umboð til þess að taka ákvarðanir um innheimtur þær, er Eggert fór með fyrir Kaupþing hf. Þetta hefði verið tekið trúanlegt, þar sem Ingvar og Eggert voru uppboðsbeiðendur fyrir sama kröfuhafa. Afsal hefði verið gefið út á grundvelli yfirlýsingar Ingvars um, að samið hefði verið um kröfuna. Gert hefði verið ráð fyrir því, að Eggert væri hættur afskiptum af málinu, þar sem þingsókn féll niður af hans hálfu. Ingvar hefði einnig látið í það skína, að svo væri, m. a. með því að segja, að hann stæði í viðræðum við stjórnendur Kaupþings hf. um skuldbreytingu á lánunum. Ásgeir minntist þess, að Ásgeir Pétursson bæjarfógeti hefði hvatt Eggert til áfrýjunar málsins og leitað yrði allra leiða í því sambandi.

Á þessum tíma hafi allur gangur verið á því, hvernig uppboðsmál voru gerð upp. Algengast var þó, að uppboðskaupandi samdi beint við veðhafa með því að greiða upp, skuldbreyta eða koma bréfinu í skil. Kvittun var svo framvísað hjá uppboðshaldara. Venjulega tók um tvo og hálfan mánuð að ganga frá uppboðsafsali, eftir að sala fór fram. Vissulega voru alltaf einhver frávík frá þeirri reglu, en þá var þingað og boði næsthæstbjóðanda tekið, ef ekki fékkst lausn.

Ásgeir Pétursson, fyrrverandi bæjarfógeti í Kópavogi og uppboðshaldari, kvað það hafa verið algengt, að lögmenn væru hver fyrir annan í uppboðsrétti. Hefðu þeir ætíð verið teknir trúanlegir og ekki krafðir um sönnun fyrir umboði. Það hefði einnig orðið til að styrkja þessa trú, að Ingvar

og Eggert unnu fyrir sama kröfuhafa og að Eggert hætti að sækja þing í málinu. Hann kvaðst hafa hvatt Eggert til að sækja um áfrýjunarleyfi. Ásgeir kvað þá Ingvar hafa átt fund um málið 17. maí 1990, og hefði Ingvar enn að nýju staðfest, að hann hefði haft fullt umboð frá Eggerti til að taka afstöðu til uppboðsmálsins og rætt þessi mál við Pétur Blöndal beint.

Grétar Haraldsson hrl. vann fyrir uppboðskaupendur á þessum tíma. Hann kvað Ingvar hafa sagt sér, að hann hefði umboð Eggerts til að ganga frá uppboðsmálinu. Þeir hefðu samið svo um, að afsal yrði gefið út og að því búnu gefin út skuldabréf á vestur- og austurenda, sem selja skyldi á verðbréfasölu. Andvirði bréfanna átti að renna til Ingvars. Því greiddi hann Ingvari 1.000.000 kr. 11. febrúar 1988 og 3.300.000 kr. 8. mars 1988. Honum taldist til, að eftir kynnu að standa um 1.200.000 kr., þegar Ingvar væri búinn að ráðstafa þessum greiðslum til veðhafa á austur- og vesturenda. Eftir þetta dróst uppgjör. Þó voru Eggerti greiddar 948.241 kr. 7. febrúar 1990. Eftir páska 1990 reyndu aðilar að fá botn í, hverjar eftirstöðvar væru, en þá bar svo mikið í milli, að samkomulag tókst ekki. Stefnandi vildi miða upphafsdag vaxta við það, hvenær hann tók við greiðslu frá Ingvari, en uppboðskaupendur vildu miða við þær dagsetningar, sem greitt var. Grétar minnti, að um þetta leyti hefði honum reiknast til, að eftir stæði 1.000.000 kr., en stefnandi hafi aftur á móti gert kröfu um 3.000.000–4.000.000 kr.

Ingvar Björnsson hdl. kom ekki fyrir dóm vegna langvarandi veikinda og heilsuleysis. Í málinu hefur verið lögð fram yfirlýsing hans, dags. 25. júní 1992:

„Vegna dómsmáls, sem Kaupþing hf. hefur höfðað á hendur Ásgeiri Péturssyni, bæjarfógeta í Kópavogi, til heimtu uppboðsandvirðis vegna uppboðssölu að Smiðjuvegi 14 D, austurenda, 2. 11. 1987, getur undirritaður staðfest eftirfarandi: Í réttarhöldum, sem haldin voru vegna vanefnda hæstbjóðenda á uppboðsskilmálum vegna fyrrgreindrar uppboðssölu, staðfesti undirritaður gagnvart uppboðshaldara, að hann gæti tekið ákvarðanir og gefið upplýsingar vegna allra krafna Kaupþings hf. í málinu. Jafnframt hafi hann heimilað fyrir hönd Kaupþings hf., að uppboðsafsal yrði út gefið, þar eð Grétar Haraldsson hrl. hefði lýst því yfir, að hann ábyrgðist persónulega, að kröfur Kaupþings hf. yrðu greiddar, og því mætti aflýsa veðskuldabréfum Kaupþings hf., þ. á m. þeim, sem Eggert B. Ólafsson hdl. hafði til innheimtu, eins og frá er greint í uppboðsafsali, enda mætti Eggert ekki á boðuðum fundi, þar sem átti að taka afstöðu til þessa.“

III.

Stefnandi hefur lýst yfir undir rekstri málsins, að mál þetta sé ekki höfðað sem skaðabótamál á hendur stefnda. Slíkur málatalibúnaður fái ekki

staðist vegna þeirra ákvæða 2. mgr. 34. gr. laga nr. 85/1936, að dómari verði aðeins dæmdur í skaðabætur í Hæstarétti í tengslum við aðalmál. Stefnandi telur hins vegar, að hann eigi kröfurétt á hendur stefnda á grundvelli veðskuldabréfanna skv. ákvæðum uppboðslaga nr. 57/1949, uppboðsafsalsins, uppboðsskilmála og samkvæmt reglum kröfu- og veðréttar. Þannig telur stefnandi, að stefndi sé nú skuldari skv. veðskuldabréfunum, þ. e., að um sé að ræða eins konar aðilaskipti skuldar megin að kröfuréttarsambandinu. Þessi aðilaskipti grundvallast á gerðum uppboðshaldara sem embættismanns, þ. e. útgáfu uppboðsafsals, kvittun uppboðsandvirðis og útstrikun veðskuldabréfanna úr veðmálabókum.

Að öðru leyti eru málsástæður stefnanda eftirfarandi í greinargerð:

Stefnandi lagði fram frumrit veðskuldabréfanna í uppboðsrétti Kópavogs. Enginn hefur vefengt heimildir stefnanda að veðskuldabréfunum. Veðið var selt nauðungarsölu 2. nóv. 1987. Uppboðsverð, 8.000.000 kr., hrökk fyrir greiðslu veðskuldabréfakrafna stefnanda að fullu, sem á uppboðssöludegi stóðu í 3.098.451 kr. Uppboðshaldara bar að innheimta uppboðsandvirðið úr hendi uppboðskaupanda, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 57/1949, eða leita eftir samþykki veðhafa við því, að veðskuldir þeirra fengju áfram að hvíla á uppboðsandlaginu eða veðinu, eða a. m. k. ganga úr skugga um, að veðkröfur væru greiddar veðhöfum eða umboðsmönnum þeirra. Ekki síst var sérstök ástæða til þessa í þessu tilviki, þegar þess er gætt, að uppboðskaupendur voru börn uppboðspóla og fyrir fram líklegt, að vanefndir yrðu á greiðslu uppboðsverðs. Þetta gerði uppboðshaldari ekki, en afsalaði uppboðskaupanda þess í stað veðinu án þess að innheimta eða krefja hann um uppboðsandvirðið. Uppboðshaldari leitaði ekki heldur eftir samþykki stefnanda við því, að veðskuldabréf hans mættu áfram hvíla á veðinu, og hefði stefnandi aldrei samþykkt það. Þess í stað máði uppboðshaldari skuldabréfin úr veðmálabókum. Öllum hugleiðingum um, að annar lögmaður hafi tekið við rekstri uppboðsmálsins, eftir að uppboðið fór fram í nóvember 1987, er mótmælt sem röngum og ósönnuðum, enda hafa engin skilríki verið sýnd því til sönnunar. Yfirlýsingar annars aðila, jafnvel þótt lögmaður sé, duga þar að sjálfsögðu ekki. Eggert B. Ólafsson hdl. fór með innheimtu veðskuldabréfanna 13 fyrir stefnanda og fylgdi uppboðsmálinu eftir að öllu leyti, eins og lög, venjur og uppboðsskilmálar gerðu ráð fyrir. Hann undirritaði uppboðsbeiðnir og kröfulýsingu. Hann var við þriðju og síðustu nauðungarsölu eins og reyndar fyrri sölur til að tryggja, að nægilega hátt yrði boðið í eignina. Að svo fögnu mátti uppboðshaldari að sjálfsögðu ekki taka til greina eða skoðunar yfirlýsingar annarra aðila vegna innheimtu á veðskuldabréfunum 13. Hvorki uppboðslög né aðrar réttarheim-

ildir eða venjur gera ráð fyrir, að uppboðsbeiðendur eða umboðsmenn þeirra eða veðhafa sæki fundi uppboðshaldara eftir endanlega nauðungarsölu nema til að taka afstöðu til frumvarps að úthlutun uppboðsandvirðis samkv. 34. gr. 1. nr. 57/1949 eða vegna sérstakra ágreiningsmála, sem rísa vegna nauðungarsölu. Þess í stað er mælt svo fyrir í lögum nr. 57/1949, sbr. m. a. 1. mgr. 11. gr., sbr. einnig uppboðsskilmála, að uppboðshaldari innheimti uppboðsandvirði og standi veðhafa skil á því eða leiti eftir samþykki þeirra við því, að veðskuldir þeirra megi hvíla áfram á uppboðsandlagi eða veði. Við ber þó, að uppboðskaupendur, en þó sérstaklega uppboðspolar, greiði veðhöfum beint og að uppboðsmál séu í framhaldi af því felld niður, þ. e., að uppboðsafsal er þá ekki gefið út. Ekki var um það að ræða í þessu tilviki, enda gaf stefnandi eða lögmaður hans aldrei í skyn, að veðkröfur hans væru greiddar eða að samið hefði verið um greiðslur á þeim, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 57/1949. Var lögmaðurinn aldrei spurður um það, eftir að hann lagði fram kröfulýsingu sína, eða einum mánuði eftir, að eignin var slegin hæstbjóðanda. Uppboðshaldari afsalaði veðinu uppboðskaupendum og strikaði út veðskuldabréf stefnanda og færði til bókar í uppboðsafsali, að veðskuldabréf stefnanda væru að fullu greidd, án þess að hafa fengið nokkur skilríki um það frá stefnanda eða lögmanni hans, „hlutaðeiganda“, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 57/1949. Verður því að leggja til grundvallar í máli þessu, að uppboðshaldari hafi innheimt og tekið við þessum greiðslum, eins og honum bar skylda til, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 57/1949. Stefnandi hafði hins vegar ekki, er hér var komið, fengið neina greiðslu frá uppboðshaldara og þaðan af síður frá uppboðskaupendum.

Stefnandi átti þess aldrei kost að koma fram andmælum gegn uppboðsafsalinu, og hann átti þess ekki heldur kost að áfrýja því til Hæstaréttar til ógildingar, þar sem hann eða lögmaður hans fékk ekki vitneskju um afsalið fyrr en sumarið 1989, en þá voru áfrýjunarfrestir allir löngu liðnir, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949. Ekki virðist heldur unnt að koma fram bótakröfu á hendur ríkissjóði eða uppboðshaldara samkv. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 85/1936, þar sem slíki bótakröfu virðist því aðeins fram komið við áfrýjun eða málskot dómsathafnar þeirrar, sem bótakrafan er sprottin af. Ekkert tómlæti eða aðgerðaleysi stefnanda eða lögmanns hans geti komið hér til álita.

IV.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á eftirfarandi málsástæðum: Því er mót-mælt sem röngu og ósönnuðu, að Ingvar Björnsson hdl. hafi ekki einn haft umboð frá stefnanda til að fara með allar kröfur stefnanda og heimila út-

gáfu uppboðsafsals, sbr. 10. gr. samningalaga nr. 7/1936, eftir að þingsókn féll niður af hálfu Eggerts B. Ólafssonar hdl. Um var að ræða sama uppboðsbeiðanda í báðum málunum, og hefði verið óeðlilegt að fela ekki öðrum lögmonnum frágang beggja málanna. Þá ber einnig að líta til þess, að 4. gr. laga nr. 61/1992 um málflytjendur kveður á um, að sá lögmaður, sem sækir þing fyrir aðila, skal talinn hafa umboð til þess, þar til annað sannist. Á uppboðshaldara hvíldi engin skylda að krefja lögmanninn um sönnun fyrir umboðinu, heldur var nóg að leggja yfirlýsingu lögmannsins til grundvallar.

Fram hefur komið í málinu, að Grétar Haraldsson hrl. og Ingvar Björns-son hdl. gerðu heildarsamkomulag um öll veðskuldabréf á austur- og vesturenda. Af uppboðsafsali fyrir austurenda verði skýrlega ráðið, að gert var heildarsamkomulag um kröfu stefnanda í þá eign. Aldrei bárust neinar athugasemdir frá stefnanda sjálfum vegna útgáfu uppboðsafsals og þeirra samninga, sem lágu til grundvallar, þ. á m. um greiðslur vegna veðskulda- bréfa á 2. og 3. veðrétti og viðtöku uppboðskaupenda á veðskuld á 4. veð- rétti. Hins vegar var krafist uppboðs að nýju með bréfi Eggerts B. Ólaf-ssonar 26. september 1988, níu mánuðum eftir að hann hætti afskiptum af málinu. Engar athugasemdir voru gerðar við þann samning, sem Ingvar og Grétar gerðu, enda þótt Eggert hljóti að hafa vitað af honum, þar sem hann hafði tekið við einni greiðslu frá Ingvari án milligöngu uppboðsréttar.

Því er haldið fram af stefnda, að uppboðshaldari hafi í hvívetna staðið að meðferð uppboðsmálsins í samræmi við fyrirmæli laga nr. 57/1949 um nauð-ungaruppboð. Engin þörf var að semja frumvarp að úthlutunargerð og óskyldt að lögum skv. 1. mgr. 34. gr. uppboðslaga. Mótmælt er þeim skilningi stefnanda, að fortakslaus skylda hvíli á uppboðshaldara að innheimta sjálf-ur uppboðsandvirðið eða óheimilt sé að gefa út uppboðsafsal, þó að upp-boðsskilmálum hafi ekki í reynd verið fullnægt að öllu leyti. Kemur hið gagnstæða fram í 1. mgr. 11. gr., sbr. 33. gr. uppboðslaga. Ákvæði laganna gera því ekki heldur skóna, að uppboðshaldari ábyrgist vanefndir á upp-boðsskilmálum og tilvísun til 47. og 48. gr. eigi ekki við. Samkvæmt 35. gr. laganna hefur uppboðsbeiðandi í hendi sér að krefjast vanefndauppboðs. Stefnandi neytti ekki þess úrræðis í desember 1987 og ársbyrjun 1988 og af- salaði sér þar með þeirri heimild. Eftir það, hafandi auk þess með tómlæti og vangæslu fyrirgert öllum möguleikum til að fá áfrýjunarleyfi og áfrýja uppboðsafsalinu, stendur honum ekki önnur leið að lögum til boða en inn-heimta það hjá kaupanda, sem hann hefði fengið af uppboðsandvirðinu, sbr. 3. mgr. 35. gr. Kröfugerð stefnanda á hendur stefnda eigi þannig, hvernig sem á er litið, enga stoð í lögum. Þá er ljóst af 2. mgr. 38. gr. laga

nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, að allar slíkar kröfur, teldust þær á annað borð einhvern tíma hafa verið til, eru nú löngu fallnar niður fyrir fyrningu skv. þeirri grein. Leiðir tómlæti og vangæsla stefnanda sjálfs einnig til sömu niðurstöðu.

Þá bendir stefndi á, að útreikningar stefnanda á stefnukröfu séu þeim annmarka háðir, að grunnfjárhæðir vanti og upplýsingar um upphafstíma vaxta. Engin gögn eru lögð fram um stefnufjárhæð nema þessir útreikningar. Í málavaxtalýsingu kemur fram, að lýst krafa í uppboðsandvirði á grundvelli bréfanna var 3.098.451 kr. Sú fjárhæð er lögð til grundvallar greiðslum í uppboðsafsali. Í bréfum Eggerts B. Ólafssonar er vísað til þeirrar ráðstöfunar uppboðsandvirðis og gerðar kröfur til greiðslu af uppboðsandvirði að því leyti að frádregnum innborgunum. Virðist grundvöllur stefnukröfunnar um innheimtu uppboðsandvirðis á því reistur, að Eggert hafi haft með höndum innheimtu veðskuldabréfanna og uppboðshaldara borið að innheimta sjálfur uppboðsandvirðið. Þar sem uppboðshaldari hafi gefið út afsal og strikað út veðskuldabréfin, beri að leggja til grundvallar, að uppboðshaldari hafi innheimt og tekið við þessum greiðslum vegna veðskuldabréfanna. Engin tilraun er gerð í stefnu til að útlista eða reifa tengsl slíkrar kröfu við stefnufjárhæðina né verður séð, að nein tengsl séu milli hennar og þeirrar sundurliðunar, sem stefnandi hefur lagt fram.

Því er mótmælt sem röngu og ósönnuðu, að stefnandi eigi ógreidda kröfu vegna uppboðskrafna sinna í austurenda Smiðjuveg 14 D. Krafa stefnanda í uppboðsandvirði, sem tekin var til greina, nam 3.098.451 krónu. Því er mótmælt, að stefnandi eigi rétt að lögum til dráttarvaxta af þeirri fjárhæð né annarra vaxta fyrir dómtöku máls þessa. Í bréfi Grétars Haraldssonar hrl. frá 6. júlí 1991 kemur fram, að uppboðskaupendur höfðu greitt samtals 5.248.241 krónu. Í samræmi við samkomulag hans og Ingvars Björnssonar fyrir hönd stefnanda hafi hann greitt Ingvari í febrúar og mars 1988 samtals 4.300.000 krónur, og 948.241 krónu afhenti hann bæjarfógeta í febrúar 1990, sem framsendi þá fjárhæð Eggerti B. Ólafssyni hdl. Samkvæmt uppboðsafsölum átti stefnandi að fá greiddar alls 3.860.254 kr. af uppboðsandvirði austur- og vesturenda 1. hæðar Smiðjuveg 14 D. Af stefnanda hálfu eru engin gögn lögð fram úr bókhalði hans sjálfs eða lögmannna hans, er sanni, að greiðslur þessar hafi ekki að fullu komið til greiðslu á kröfum, sem hann kynni að eiga á hendur stefnda vegna austurenda. Er þannig ósannað, að skuld við stefnanda sé fyrir að fara.

Varakröfur sínar styður stefndi þeim rökum, að krafa stefnanda sé að mestu leyti greidd, verði ekki talið, að hún sé að öllu leyti greidd.

Um málskostnað vísar stefndi til 129.–131. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Eins og að framan er rakið, er málatilbúnaður stefnanda reistur á því, að kröfuréttur hans samkvæmt veðskuldabréfunum 13 sé nú á hendur sýslumanninum í Kópavogi, áður bæjarfógetanum í Kópavogi og uppboðshaldara. Á þeirri málsástæðu grundvallast málsókn stefnanda. Telur stefnandi, að uppboðshaldari eða embætti hans ábyrgist gagnvart veðhöfum, sem áttu að fá greiðslur af uppboðsandvirði, að veðkröfur þeirra verði greiddar, þ. e., eftir að uppboðshaldari hefur afsalað uppboðsandlaginu. Uppboðsafsal sé dómskjal eða réttargerð, og þar sé því lýst yfir, að krafan sé greidd. Með útgáfu uppboðsafsals hafi uppboðshaldari kvittað án fyrirvara fyrir viðtöku og greiðslu veðskuldabréfanna og fyrir greiðslu uppboðsandvirðis. Eftir þetta eigi eigandi bréfanna ekki kröfu á skuldara þeirra, þar sem þau hafi verið kvittuð um greiðslu og afmáð úr veðmálabókum. Við það hljóti kröfuréttur eiganda veðskuldabréfanna að færast yfir á embætti uppboðshaldara.

Ekki reyndi á í málinu, hvort unnt hefði verið að innheimta bréfin hjá skuldara þeirra, Hreiðari Svavarssyni, en dómari hefur kynnt sér utan réttar, að bú hans var úrskurðað gjaldþrota 9. september 1991, og voru skiptalok 17. desember s. á. Þá hefur ekki heldur reynt á ákvæði 3. mgr. 35. gr. uppboðslaga nr. 57/1949, sem heimila veðhafa að lögsækja uppboðskaupanda til greiðslu þess, sem honum hefði borið.

Aðilar deila um umboð Ingvars Björnssonar hdl. Í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur segir, að ef lögmaður sækir þing fyrir aðila, skuli hann talinn hafa umboð til þess, nema annað sannist. Þegar virt er, hvort lögmaðurinn hafði umboð til að taka ákvarðanir fyrir stefnanda með þeim hætti, sem gert var í uppboðsrétti 6. janúar 1988, þykir verða að taka tillit til tómlætisreglna. Stefnandi gerði fyrst athugasemdir með bréfi, dagsettu 26. september 1988. Þá voru liðnir rúmir níu mánuðir, frá því að lögmaður stefnanda kom síðast í uppboðsrétt. Er lögmaður stefnanda hætti að mæta í málinu, hafði þriðja og síðasta sala farið fram, og til stóð að veita uppboðskaupendum stuttan frest, en ella ákveða vanefndauppboð. Mótmæli við umboðsskorti Ingvars komu ekki fram fyrr en með bréfi stefnanda, dagsettu 10. ágúst 1989. Þegar framangreint er virt, þykja tómlætisreglur leiða til þess, að stefnandi hafi ekki fært nægilegar sönnur á, að Ingvar hafi verið umboðslaus, en telja verður, eins og hér stendur á, að sönnunarbyrðin leggist á þann, sem sýnir af sér tómlæti.

Þá ber einnig til þess að líta, að á uppboðshaldara hvíldi ekki sú skylda að heimta staðfestingu á umboði Ingvars. Uppboðshaldara bar að leggja til grundvallar yfirlýsingar lögmannsins. Reyndust yfirlýsingarnar rangar og

settar fram, án þess að umboð væri til, gildi sú regla í uppboðsrétti eins og annars staðar fyrir dómi, að umbjóðandinn varð að fá yfirlýsingunni og afleiðingum hennar hnekkð fyrir æðra dómi, þar sem um var að ræða dómsathöfn, sem var ekki á valdi uppboðshaldara að endurskoða sjálfur. Aðgerðaleysi stefnanda varð þess hins vegar valdandi, að áfrýjunarfrestur leið og ekki reyndi á, hvort unnt hefði verið að fá áfrýjunarleyfi.

Sú tilhögun, að lögmaður uppboðskaupenda skyldi gera upp beint við uppboðsbeiðendur, var á forræði aðila málsins og innan heimildar 11. gr. uppboðslaga.

Almennt tíðkaðist að útbúa frumvarp að úthlutunargerð, sérstaklega ef sá háttur var hafður á, að uppboðskaupandi gerði upp við veðhafa án meðalgöngu uppboðshaldara. Var sú aðferð öruggari og til þess fallin að girða fyrir mistök. Það var þó ekki lagaskylda að útbúa frumvarp, sbr. 1. mgr. 34. gr. s. l., og fellir það því ekki fjárhagsábyrgð á uppboðshaldara, þótt frumvarp hafi ekki verið útbúið.

Þá er lög nr. 57/1949 um nauðungaruppboð voru í gildi, voru athafnir uppboðshaldara dómsathafnir og uppboð haldin á dómþingi. Uppboðshaldari var ekki aðili uppboðs, sbr. 8. gr. laganna. Aðilar höfðu að meginstefnu til forræði í málsmeðferðinni. Enda þótt uppboðshaldara kynni að verða á í dómsathöfnum sínum, þá varðaði það hann ekki ábyrgð með þeim hætti, að á hann félli ábyrgð á skyldum uppboðspóla, eins og stefnandi í raun heldur fram. Því verður ekki talið, að krafa hafi stofnast á hendur uppboðshaldara.

Samkvæmt öllu framansögðu verður niðurstaða málsins sú, að stefndi verður sýknaður af kröfum stefnanda í máli þessu. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, sýslumaðurinn í Kópavogi, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Kaupþings hf., í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.